

93. fundur stjórnar Bláskógaveitu haldinn í fundarherbergi skipulags- og byggingarfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni, miðvikudaginn 5. júní 2019, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kjartan Lárusson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Axel Sæland, Benedikt Skúlason og Bjarni D. Daníelsson.

Fundargerð ritaði: Bjarni D. Daníelsson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs.

1. Umsóknir um heimtaugar - 1902021

Eftirfarandi umsóknir voru lagðar fram:

- *Staður: Stakksárhlíð 2. Sótt um kalt vatn. Umsækjandi: Þórdís Geirsdóttir. **Samþykkt** með fyrirvara samkvæmt 3. gr. gjaldskrár kaldavatsveitu Bláskógaveitu að við sérstakar aðstæður eins og hér um ræðir er veitustjórn heimilt að semja sérstaklega um heimæðargjald.*
- *Staður: Snorrastaðir, lóð 168107. Sótt um heitt vatn. Umsækjandi: Höskuldur H Ólafsson. **Samþykkt.***
- *Staður: L-nr: 223807. Sótt um kalt vatn. Umsækjandi: Björgvin Þórisson. **Samþykkt** með fyrirvara samkvæmt 3. gr. gjaldskrár kaldavatsveitu Bláskógaveitu að við sérstakar aðstæður eins og hér um ræðir er veitustjórn heimilt að semja sérstaklega um heimæðargjald og með fyrirvara um að nægt vatn sé til staðar og leyfi fyrir lagnaleið.*

2. Samningur um jarðhitaréttindi á Laugarvatni - 1902019

Samningur um jarðhitaréttindi á Laugarvatni, undirritaður samningur lagður fram til kynningar.

Stjórn Bláskógaveitu fagnar því að samningurinn sé frágenginn.

Í framhaldi var rætt um stöðu hversins og niðurstöður úr sýnatöku ISOR vegna útfellinga í lögnum. Ákveðið er að halda áfram að taka sýni þar sem miklir þurrkar hafa verið. Velt var upp hugmyndum hvernig hægt er að koma í veg fyrir að yfirborðsvatn fari í hverinn og einnig möguleikum á því að bora.

3. Staða framkvæmda 2019 - 1906012

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs fer yfir stöðu framkvæmda á árinu 2019

Bjarni og Benedikt fóru yfir stöðu helstu framkvæmda á vegum veitunnar.

Fundi slitið kl. 18:11

Kjartan Lárusson

Kolbeinn Sveinbjörnsson
Kolbeinn Sveinbjörnsson

Axel Sæland
Axel Sæland

Benedikt Skúlason

Bjarni D. Daniélfsson
Bjarni D. Daniélfsson